

Dags eftirlits	20.10.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Sorpurðun Vesturlands	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Bjarnarbraut 8	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5306972829	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hrefna B. Jónsdóttir	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Þorsteinn Eyþórsson	Staðsetning	349951,516 469714,37

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var gerð. Fráviki vegna geymslu veiðarfæra hefur verið lokað. Rekstraraðili vinnur eftir sem áður eftir úrbótaáætlun sem samþykkt var 25. október 2019.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með starfsleyfi urðunarstaðar Sorpurðunar Vesturlands í Fíflholtum. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Veiðarfæraúrgangur
3. Niðurstöður mælinga
4. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
5. Samráðsfundur

Urðunarstaðurinn í Fíflholtum tekur við úrgangi af öllu Vesturlandi og Vestfjörðum. Árið 2020 voru urðuð þar 16.262 tonn sem er um 1200 tonnum umfram heimild í starfsleyfi. Rætt var um að svo virðist sem skráningar á magntöllum úrgangs fyrir árið 2020 hafi ekki skilað sér rétt inn í gagnagátt Umhverfisstofnunar og er rekstraraðila því bent á að skoða það mál.

Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila hefur hluta þess veiðarfæraúrgangs sem tækur var til endurvinnslu verið fluttur erlendis og afgangurinn urðaður á staðnum. Fráviki vegna veiðarfæraúrgangs frá 9. júní 2016 telst því lokið.

Rætt var um niðurstöður mælinga, en til viðbótar við mælingar í starfsleyfi hefur rekstraraðili gert mælt í mýrinni neðan við urðunarstaðinn. Fram kom að niðurstöður mælinga í sigvatni og grunnvatni væru eins og áður, þ.e. hækkuð gildi á næringarefnum, sbr. úrbótaáætlun rekstraraðila frá 25. október 2019.

Samkvæmt áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlita er urðunarstaðurinn í áhættuflokki B og fær árlegt eftirlit. Áhættumat er endurskoðað samhliða eftirliti.

Samhliða eftirliti fór fram samráðsfundur og var því fulltrúi heilbrigðiseftirlits Vesturlands einnig viðstödd.

Að fundi loknum var farið í skoðunarferð á urðunarstaðinn í Fíflholtum. Rekstraraðili er langt kominn með vinnu við nýtt hreinsivirki neðan við urðunarstaðinn. Hreinsivirkið byggist á hugmynd rekstraraðila um að nýta vatnið í mýrinni neðan urðunarstaðarins og tré sem þar eru gróðursett til hreinsunar á sigvatni frá urðunarstaðnum. Urðun veiðarfæra sem ekki eru tæk til endurvinnslu fer nú fram neðst í urðunarrein 4, veiðarfærunum er haldið aðskildum frá öðrum úrgangi vegna eldvarna. Fokvarnagirðingar sem reistar hafa verið undanfarið ár hafa reynst vel til að grípa fokefni. Urðunarstaðurinn var að öðru leyti skipulagður og snyrtilegur og ekki tilefni til athugasemda.

ÁBENDINGAR

- 1 Fráviki: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.12.2021



Sigríður Magnúsdóttir